ORÐAÞRENNA VIKUNNAR

takmark (nafnorð)

Eitthvað til að keppa að.

Dæmi: <u>Takmark</u> hans var að klára stærðfræðidæmin fyrir helgina.



metnaður (nafnorð)

Mikill áhugi og ákafi til að ná árangri.

Dæmi: Fótboltaliðið hafði <u>metnað</u> til að vinna mótið.

kjarkur (nafnorð)

Að hafa þor til að gera eitthvað, hugrekki.

Dæmi: Hún hleypti í sig <u>kjarki</u> og keppti í hlaupinu.

ORÐAÞRENNA VIKUNNAR



greiði (nafnorð)

Greiði er að gera eitthvað fyrir einhvern.

Dæmi: Hann gerði vini sínum <u>greiða</u> og hjálpaði honum að flytja.

greiða (sagnorð)

1) Að borga einhverjum eitthvað.

Dæmi: Hann <u>greiddi</u> reikninginn.

2) Að greiða hár.

Dæmi: Hann <u>greiðir</u> hárið á morgnana.



greiða (nafnorð)

Snyrtiáhald með þéttum tönnum sem rennt er í gegnum hár, hárgreiða.

Dæmi: <u>Greiðan</u> er svört á litin.

ORÐAÞRENNA VIKUNNAR

samanburður (nafnorð)

Það að bera eitthvað tvennt eða fleira saman.

Dæmi: Hafnarfjörður er smábær í <u>samanburði</u> við Peking.

endursegja (sagnorð)

Að segja frá því sem maður hefur heyrt eða lesið með eigin orðum.

Dæmi: Kennarinn bað nemandann um að <u>endursegja</u> söguna.

ilmur (nafnorð)

Góð lykt.

Dæmi: Heimilisfræðistofan <u>ilmaði</u> vel eftir kökubaksturinn.

Ilmur er líka íslenskt kvenmannsnafn.

Andheiti við orðið ilmur er til dæmis fnykur, ódaunn og ólykt.

ORÐAÞRENNA VIKUNNAR

vinátta (nafnorð)

Það að vera vinur einhvers.
Dæmi: Það ríkir góð vinátta á milli nemenda.

samvinna (nafnorð)

Það að vinna saman og hjálpast að, samstarf.
Dæmi: Samvinna er eftirsóknarverður eiginleiki í skólum og á vinnumarkaði.

ábyrgð (nafnorð)

Við tökum lagalega ábyrgð þegar við fylgjum lögum samfélagsins.
Við tökum siðferðilega ábyrgð á orðum okkar og gerðum með því að vanda allt sem við segjum og gerum og standa við það.
Dæmi: Í skólanum berum við meðal annars ábyrgð á að fara eftir fyrirmælum, gefa vinnufrið og ganga frá eftir okkur.

Gildi Hraunvallaskóla eru vinátta, samvinna og ábyrgð.

Hraunvallaskóli
VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

ORÐAÞRENNA VIKUNNAR

upprifjun síðustu fjögurra vikna **Nafn:_____**

Fylltu inn í krossorðaglímuna.

Reyndu að nota orð sem tengjast orðinu **vinátta**

	v	
	i	
	n	
	á	
	t	
	t	
	a	

ORÐAÞRENNA VIKUNNAR – upprifjun síðustu fjögurra vikna

Klipptu út fyrirmæli eða spurningu og límdu í stílabókina þína.
Svaraðu í heilum setningum og beittu þeim stafsetningareglum sem þú hefur lært.

TAKMARK (no.) Hvert er **takmark** þitt eftir að grunnskólanámi þínu lýkur?	**METNAÐUR (no.)** Í hvaða námsgrein, íþróttum eða áhugamáli liggur **metnaður** þinn og af hverju?	**KJARKUR (no.)** Hefur þú einhvern tíma misst **kjarkinn** og af hverju?
GREIÐI (no.) Hver er minnisstæðasti **greiði** sem þú hefur gert eða einhver annar gert þér og af hverju?	**GREIÐA (so.)** Semdu smásögu þar sem þú notar sögnina að **greiða** í tveimur ólíkum merkingum.	**GREIÐA (no.)** Hannaðu og teiknaðu draumagreiðuna þína og lýstu henni með eins mörgum lýsingarorðum og þú getur.
SAMANBURÐUR (no.) Gerðu **samanburð** á leikskóla og grunnskóla.	**ENDURSEGJA (so.)** **Endursegðu** ævintýri sem þú þekkir í stuttu máli.	**ILMUR (no)** Semdu stutta sögu þar sem **ilmur** kemur við sögu.
VINÁTTA (no.) Hvað er **vinátta** að þínu mati? Nefndu þrennt.	**SAMVINNA (no.)** **Samvinna** er að vinna saman og hjálpast að. Hvers vegna er það mikilvægt?	**ÁBYRGÐ (no.)** Á hverju berð þú **ábyrgð** á heima? En í skólanum?

ORÐAÞRENNA VIKUNNAR - upprifjun síðustu fjögurra vikna

Klippið brotnu línuna og límið miðjuna á annað blað.
Skrifið setningu með orðinu og teiknið mynd við hvert orð.

samvinna (no.)	**ORÐAÞRENNA VIKUNNAR**	**metnaður** (no.)
vinátta (no.)		**greiði** (no.)
greiða (no.)		**ilmur** (no.)